



Leikskólinn Árþéttir.

Árþéttir verður Hjallastefnuleiksskóli

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum 25. október sl. að Hjallastefnan leiksskólur ehf. taki yfir rekstur leiksskólans Árþéttir á Selfossi frá 1. ágúst á næsta ári en samningur þess efnis var undirritaður þann 1. nóvember.

Starfsfólki leiksskólans hefur verið till kynnt um breytinguna og boðað hefur verið til kynningarfundar fyrir foreldra barna í Árþéttir.

Foreldrar munu greiða sömu leiksskólagjöld og þjónusta frá fjölskyldusviði Árborgar mun vera með sama hætti og í öðrum

leiksskólum Árborgar. Í Árborg eru reknir sex leiksskólur. Í nýlegri foreldrakönnun var meirihluti foreldra sem höfuðu jákvætt viðhorf til að geta valið leiksskóla sem starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunar í Árborg.

Ellefu unglingar af HSK svæðinu í Úrvalshópi FRÍ

Frjálsíþróttasamband Íslands ásamt unglinganefnd FRÍ hefur birt nýjan Úrvalshóp 2023-2024. Af þeim 49 unglingum sem komust í hópinn eru 11 af sambandssvæði HSK, níu frá Selfossi og einn unglingur kemur frá bæði Dímon og Garpi. Öll æfa þau hjá Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss.

Úrvalshópurinn er valinn út frá árangri á utanhússtímabilinu í ár, en fjölgað getur í hópnum eftir að komandi innanhússtímabili lýkur.

Markmiðið með Úrvalshópi FRÍ 15-19 ára er að skapa umhverfi þar sem íþróttir snúast um fleira en keppni og árangur. Umhverfi þar sem unglingar og ungmenni fá ekki einungis tækifæri til að þróast sem íþróttamenn heldur einnig tækifæri til að eignast vini, skapa sér



Fulltrúar HSK í úrvalshópi FRÍ. Á myndina vantar Ísold Össu.

heilbrigðan lífsstíl og læra að sigrast á sjálfum sér með því að setja sér raunhæf markmið og áætlanir.

Unglingarnir í hópnum eru Álfrún Dilja Kristínardóttir (sleggjukast), Bryndís Embla Einarsdóttir (kúluvarp og spjót kast), Daníel Breki Elvarsson (spjót kast), Eydis Arna Birgisdóttir (400 m), Helga

Fjóla Erlendsdóttir, (80 m gr. og hástökk), Hjálmar Vilhelm Rúnarsson (300 m gr., hástökk, kúluvarp og spjót kast) Hugrún Birna Hjaltadóttir (300 m), Ísold Assa Guðmundsdóttir (hástökk og kúluvarp), Ívar Ylur Birkisson (100 m gr., 300 m gr. og hástökk), Vésteinn Loftsson (kringlukast), Þorvaldur Gauti Hafsteinsson (800 m).



Flytjendur plötunnar Hjartans mál. Ljósmynd: Helga Guðrún Lárusdóttir.

Hjartans mál í allra eyru

Fjölskylduplatan Hjartans mál er komin út. Um er að ræða er 12 laga plötu með lögum og textum Hófiar Samúels. Flytjendur plötunnar eru Hófi Samúels, Greta Mjöll, Arnar Jónsson, Rakel Pálsdóttir, Glódís Margrét, Ásta Björg, Unnur Birna, Ída María, Halldór Gunnar, Sigurgeir Skafti og Óskar Þormars.

„Hjartans mál er heildstætt verk þar sem máttur og mikilvægi hvíldarinnar, kærleiksrík fjölskyldutengsl, virðing og fjölbreytileiki leika lykilhlutverk. Hvert lag segir sína sögu en saman mynda þau verkið Hjartans mál,“ segir Hófi í samtali við Dagskrána.

Hófi segir plötuna henta jafnt börnum, foreldrum, ömmum sem öfum. „Textar eru einlægir, vandaðir og uppbyggjandi, lögin hugljúf og melódísk. Boðskapurinn er

fallegur og einkar mikilvægur nú á tímum streitu, stríðs og fordóma.“

Hún segir plötuna tilvalda fyrir svefninn en einnig í göngutúrinn, bílferðina eða með góðum kakóbolla.

Þetta er önnur plata Hófiar en árið 2014 gaf hún út plötuna SamSam ásamt samnefndri hljómsveit sinni. Á þeirri plötu samdi hún 14 lög og texta.

Hjartans mál er nú aðgengileg á efnisveitu Spotify en frekari upplýsingar um verkið má finna á Instagram síðu Hjartans mál og von bráðar á hjartansmal.is.



Með því að skanna kóðann er hægt að hlusta á Hjartans mál á Spotify.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

Menningarverðlaun Suðurlands 2023

Menningarmiðstöð Hornafjarðar hlaut Menningarverðlaun Suðurlands árið 2023. Viðurkenningin var veitt á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) í Vík þann 26. október sl. en alls bárust 19 tilnefningar um 14 verkefni af öllu Suðurlandi.

„Í rökstuðningi dómnefndar segir að Menningarmiðstöð Hornafjarðar hafi unnið glæsilegt starf í þágu menningar í Sveitarfélaginu Hornafirði og gefið einstaklega jákvæða mynd af Austur- Skaftafells-sýslu, menningu og menningararfi sýslunnar. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun SASS á sviði menningar á Suðurlandi,“ segir í fréttatilkynningu frá SASS.

Þá segir einnig að starf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar sé metnaðarfullt. „Þar sem áhersla er lögð á samfélagið, börnin og fjölmenningu. Menningarmiðstöðin starfrækir ýmis söfn, meðal annars bóka- og héraðsskjalasafn ásamt Svavarssafni sem er listasafn Svavars Guðnasonar listmálara. Kjarni safneignarinnar eru verk eftir Svavar



og fleiri hornfirskra málara. Menningarmiðstöðin hefur um árabíl boðið upp á margbreytilegt barnastarf svo sem listasmiðjur og krakkaklúbba á söfnum stofnunarinnar, einnig sumarstarf þar sem börn eru kynnt fyrir náttúru, umhverfi, listum og öðrum fróðleik.“

Árlega eru fjölmargar sýningar og annað viðburðahald sem gera menningu hátt undir höfði og hefur Menningarmiðstöðin vakið athygli á landsvísu fyrir sitt öfluga starf. Gott samstarf er við fjölmörg félaga-samtök og einstaklinga.

Bílar í lífi þjóðar

Ljósmyndarar fortíðarinnar voru duglegir að festa tímann á filmu, framtíðarfólki til fróðleiks og skemmtunar. Eitt af því sem fyrir augu þeirra bar var bíllinn, sem lengi hefur verið samofinn íslensku þjóðarsálinni. Íbúar í strjábýggðu landi án lestarsamgangna urðu að tileinka sér tækniundur 20. aldarinnar og fátt annað verkfæri hefur átt jafn góða samleið með Íslendingum en bíllinn sem tryggði frelsi til ferðalaga um fagurt landið. Og þegar hann birtist með fjórhjóla-drifi opnuðust viðerni hálendisins. En saga þessara samgöngu-byltingar var á köflum grýtt og margir hildir háðir við slæma vegi og óblið náttúruöfl. Flestir eiga þó minningar frá skemmtilegum ökuferðum í margvíslegum farartækjum liðins tíma og eitt er víst að fátt hefur bundið

betur saman land og þjóð en bíllinn.

Forlagið hefur gefið út bókina Bílar í lífi þjóðar eftir Örn Sigurðsson, en hún skartar rúmlega 900 ljósmyndum í fjórum stórum köflum sem tileinkaðir eru meginþáttum bílamennningarinnar. Bílar hafa löngum verið eitt helsta einkenni þéttbýlis, á sama tíma og þeir greiða leiðir ferðafólks um sveitir og örfæfi. Í upphafi var bíllinn einkum atvinnutæki, ýmist notaður til fólks- eða vöruflutninga og sem slíkur á hann sér merka sögu. En það er svo með bíllinn eins og mörg önnur mannanna verk, hann hefur einnig sínar dökku hliðar, líkt og um-

ferðaróhöppin bera vitni um, að ógleymdu öllu baslinu sem bílamenn voru duglegir að koma sér í. Öllu þessu er komið til skila í

þessari vönduðu bók sem er 320 blaðsíður að lengd í stóru broti.



Margar myndir í bókinni er frá Suðurlandi og Selfossi, en höfundur átti gott samstarf við Héraðsskjalasafn Árnesinga við öflun ljósmynda, en það frábæra safn varðveitir einstakan

ljósmyndafjárskjóð. Auk þess átti höfundur í förum sínum myndir úr safni Jóhanns Þórs Sigurbjergssonar, ljósmyndara frá Selfossi, en í lok síðustu aldar voru þeir samstarfsmenn hjá Landmælingum Íslands.



Flóð á Selfossi. Stundum hlaupa miklir vatnavextir í Ölfusá og verða þá flóð á Selfossi, líkt og hér árið 1948. Það vekur athygli að brúin og aðliggjandi götur hafa sloppið en Tryggvaskáli er hins vegar umflotinn. Willys-jeppi með blæjum bíður þess að fara yfir brúna, en tveimur rútum hefur verið lagt upp að gömlu símsstöðinni við Austurveg: '46 Ford frá Steindóri Einarssyni og '42 Ford í eigu Siggeirs Lárussonar á Kirkjubæjarklaustri. Steindórmenn eiga langferð fyrir höndum og eru við öllu búnir með þrjú varadekk á þakinu.



Leigubílar við brúarsporð. Selfyssingar hafa löngum verið miklir bílamenn og þó að íbúatalan hafi ekki verið nema rétt um 1800 árið 1961, þegar þessi mynd var tekin, voru engu að síður margir leigubílar í bænum. Bifreiðastöð Selfoss, BSS, hafði aðsetur í smáhýsi á svipuðum slóðum og pylsuvagninn vinsæli stendur núna. Eins og sjá má hafa leigubílstjórnarnir aðhyllt ökutæki frá risunum þremur í Detroit, taldir frá vinstri: '56 Chevrolet Bel Air, '59 Ford Fairlane, '55 Plymouth Plaza, '56 Ford Fairlane, '53 Plymouth Cranbrook og '56 Dodge Mayfair. Það skal engan undra þó að nútíma fornbílamenn á Selfossi séu hrifnastir af ameríska stálinu.



Fórarlamb samkeppninnar. Mjólkurbí Ölvesinga var stofnað í Hveragerði árið 1930 og var fyrst allra til að nota jarðhita við framleiðsluna, á sama tíma og önnur mjólkurbí notuðu kol og olíu. Samkeppnin við mjólkurbíið á Selfossi reyndist hörð og svo fór að Hvergerðingum tókst ekki að tryggja sér nægilega mikla mjólk til framleiðslunnar og lagði Ölfusbíðið upp laupana árið 1938. Hér er Studebaker-vörubíll mjólkurbúsins fyrir utan höfuðstöðvarnar í Hveragerði. Hann gat bæði flutt fólk og afurðir til Reykjavíkur, en þar var rekin afgreiðsla á Laugavegi 33.



Slabb á Austurvegi. Það var desemberslabb á Selfossi árið 1959 þegar tveir Chevrolet-bílar áttu leið um Austurvegin við stórhýsi Kaupfélags Árnesinga, sá fremri frá 1947 en sá aftari frá 1953, báðir farnir að láta á sjá eftir vetrarslarkið. Öllu nýlegri Volkswagen-bjöllu hefur verið lagt við inngang kaupfélagsins.



Kaupfélagstrukkar í stórræðum. Flutningabíll Kaupfélags Árnesinga lenti utan vegar við Stóra Reykjafell vestan Hveradala sumarið 1964 og braut undan sér bæði framhjólín. Selfyssingar voru greinilega öllu vanir við björgun mjólkurbíla og annarra þungaflutninga-tækja á Suðurlandi því Reo-dráttarbíll af öflugustu gerð mætti fljótlega á slysstað og tók kaupfélagstrukkinn í tog. Stefnan var tekin á Kaupfélagssmiðjurnar á Selfossi þar sem byggt var yfir marga mjólkurbíla og gert við ennþá fleiri.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðoflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Mundu eftir brjóstunum!

Selfoss 6. - 17. nóvember 2023

Bókaðu núna á krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is
eða í síma **513 6700** kl. 8:30–12:00 virka daga

To schedule your appointment e-mail us on
krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is or call us
on **513 6700** between 8:30–12:00 on any weekday

heilsugaeslan.is

Samhæfingarstöð
krabbameinsskimana

Brjóstamiðstöð
Landspítala

ÓDÝRASTA ELDSNEYTIÐ OKKAR Á SELFÖSSI



AQ
ATLANTSOLÍA



Frá upplestrinum í Bókakaffinu á Selfossi 14. október síðastliðinn. Þess má geta að það er útgáfa Bókakaffinsins, Sæmundur, sem gefur bókina út.



Jóna Ingibjörg framan við Sænska húsið í október 2023.

Blendnar tilfinningar við Sænska húsið

„Ég á bæði góðar og sárar minningar sem tengjast þessu húsi,“ sagði Strandakonan Jóna Ingibjörg Bjarnadóttir þar sem hún stillti sér upp til myndatöku við æskuheimilið, Sænska húsið við Austurveg 33 á Selfossi. Jóna Ingibjörg er fædd í húsinu 13. nóvember 1956, sú sjöunda í röð 11 barna Bjarna Kristins Bjarnasonar og Ingibjargar Júlíönu Guðlaugsdóttur.

Heimili þeirra hjóna leystist upp með dramatískum hætti í kjölfar veikinda heimilisföður og óreglu móðurinnar. Jóna Ingibjörg hefur nú skrasett þessa fjölskyldusögu sem kom út nú síðsumars undir heitinu Hlutskipti, saga þriggja kynslóða. Meðhöfundur að bókinni

var Jón heitinn Hjartarson fyrrverandi fræðslustjóri á Selfossi sem lést þegar verkið var á loka-stigi.

Jóna Ingibjörg segir að tilfinningarnar gagnvart æskustöðvunum séu blendnar. Þó að barnsleikirnir hér í Njálalandi milli Sænska hússins og Austurvegar 29 hafi verið fallegir þá hafi margt annað litað þessa mynd og ekki síst endalok fjölskyldulífsins vorið 1969. Um það sem og forsögu atburðanna megi lesa í bók hennar sem gerist ekki öll á Selfossi heldur einnig á ættarslóðum í Flóa og á Tröllaskaga. Í síðari hluta bókarninnar berst sagan að Gjögri á Ströndum þar sem móðir Jónu Ingibjargar settist að í að-

staðum sem voru því líkastar að farið væri áratugi aftur í tímann. Jóna Ingibjörg var 12 ára þegar barnsveröld hennar hrundi og næstu misseri barðist hún fyrir að fá að komast til móður sinnar. Frásögn hennar af norðurferðinni eru ævintýralegar og líkt og sagan öll harðneskjuleg lýsing á fátækt og erfiðleikum sem þó er svo stutt undan í tíma.

Þær Jóna Ingibjörg og Ás-laug Ólafsdóttir kynntu bókina í Bókakaffinu á Selfossi fyrir nokkru og greinilegt að áhugi á þessari sögu er verulegur. Húsfyllir var og líflegar umræður. Fjölmargir af eldri Selfyssingum mættu sem og fjölskyldumeðlimir úr Sænska húsinu.

Marteinn Sigurgeirsson - 60 ár á 60 mínútum

Marteinn Sigurgeirsson heldur uppistand með myndrænu ívafi á Sviðinu Selfossi 9. nóvember kl. 20 og verður miðasala við innganginn.

Marteinn Sigurgeirsson frá Selfossi tók snemma þátt í félagsstörfum og íþróttum og segir aðstöðu til íþróttar hafa verið bágborna á þessum tíma. „Strákarnir á Selfossi komu sér upp eigin völlum í hverfunum og stofnuðu félög. Í vesturbænum voru það Leiknir og Elding. Íðnskólinn var leigður til kvikmyndasýninga til að afla fjár. Sýndar voru teiknimyndir og fræðslumyndir frá upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna. Einnig var keypt 8mm kvikmyndatöku-vél 1963 í félagi við Hauk Gíslason, en þá var hægt að sýna eigin fréttamyndir. Marteinn nýtt sér þessa reynslu síðar þegar hann varð kennari þar sem hann lét nemendur sína gera fræðslumyndir í stað ritgerða. Marteinn gerði heimildamynd um ferð ungmenna til Húsavíkur sem



Marteinn ólst upp á árbakkanum Selfossvegi 9 (Hús lengst til hægri).

kepptu í sundi og knattspyrnu. Einnig var myndað í Þórsmörk þar sem sumir þóttist vera frá heilbrigðisefirlitinu. Unglingar sem unnu hjá MBF fóru á Þingvöll án vitundar barnaverndar.“

„Síðar komu myndir um siglingu fótboldamanna til Færeyja og söngvakeppni á hótelinu, sögu Selfoss og 100 ára brúaraf-mælið 1991. Næst komu myndir um Sleipnismenn, leigubílstjóra, Selfossbíó, götugöngur og saga landsmóta UMFÍ á Suðurlandi.

Á þessum árum var lausaganga barna leyfð og ber myndin merki þess. Litið er inn í Inghól og þar glittir í Bergþóru Árna og Mána. Marteinn fékk menningarviðurkenningu Árborgar 2019 ásamt Gunnari Sigurgeirssyni,“ bætir Marteinn við.

„Sýnd verða brot úr myndum og spjallað við áheyrendur. Tekið á móti lögbönnum í lokin. Maður á að axla ábyrgð!! Ekki ryðjast, ekki þamba!“ Segir Marteinn að lokum.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraeygi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMERKI
Prentgripur
1041 0858

Gáta vikunnar

Vismagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Vermir þessi margan mann, mínus einn er smásúld. Og í sófa oft er hann, einnig geyma nálar kann.

Svar við gátu í blaði 2724: **ÆÐ**

1. Vatnsæð - 2. Gullæð
3. Umferðaræð

Sunnlenski matgæðingurinn

Magnús Helgi Sigurðsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.



Þvílíkur heiður að fá þessa áskorun frá stjórnukokkinum og goðsögninni Snorra Sigurðarsyni. Sá getur tekið hraustlega til matar síns. Það var mikið sjónarspil í gamla daga að sjá hann borða 2kg af útrunnu hakki án meðlætis eftir hans frægu 3-4 sólarhringa vetrardvala eftir erfiðar helgar.

Ég mun bjóða uppá Nautasteik steikt uppúr nautatólgi. Engu skiptir hvaða vöðvi er notaður en ég mæli t.d. með rifjasteik (Rib-eye).

Við ætlum ekki að skemma matinn með baneitruðum fræolium. Nautafitan er því lykilhraefnið í þessari uppskrift. Smjör er góður kostur en nautafitan gefur gott bragð, er enn næringarríkari og hennar helsti kostur er að hún er með gott hitaþol. Ég kaupi innanmör frá slátrara og útbý tólgina.

Nautatólgi. Fitan skorin í litla bita. Sett í slowcooker eða steikarpott. Hituð á lágu hita í nokkrar klst. Bráðnuð fitan sigtuð ofan í krukku og látin harðna. Þannig geymist fitan inni kæli mánuðum saman og

hægt að nota hana til steikingar á öðrum mat, t.d. eggjum eða grænmeti.

Steikin er krydduð eftir smekk. Tólginn sett á heita pönnu. Steikin er svo bara elduð eftir kúnstarinnar reglum. Dælið fitunni á steikina með skeið á meðan steikingin stendur yfir.

Steikin er borin fram með Birt-ingaholtskartöflum, beint úr gördunum hjá nafna afa mín-um ásamt Silfurtúnsrauðkáli, beint úr haus. Að sjálfsögðu steikt uppúr nautatólginni.

Í eftirrétti býð ég uppá gríska jógúrt með jarðaberjum, blá-berjum, hindberjum og hun-angi.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á góðvin minn hann Pál Óla Ólason frá Litlu-Sandvík, einn fremsta lækni, gettu betur & útsvarskeppenda þjóðarinnar. Yfir til þín doktor Plóli!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.




Stjórnendur SS á Hvolsvelli eiga heiður skilinn

Í framhaldi af grein sem ég sendi blaðinu og kom út í 19. október 2023 langar mig að koma eftirfarandi á framfæri. Það eru kærar þakkir til Sláturfélags Suðurlands sem hefur í þriggja stutt Vini Seljavallalaugar með höfðinglegum styrkjum varðandi afmælishátíðir sem haldnar hafa verið. Fyrst á 75 ára afmælishátíð Laugarinnar árið 1998. Næst árið 2003 á 80 ára hátíðinni og nú síðast á 100 ára afmælinu

sem haldið var uppá þann 12. ágúst 2023. Í fyrstu tvö skiptin gaf SS okkur allan veislukostinn og nú í sumar fengum við 50% afslátt af grillkjötinu. Öll samskipti varðandi þessar hátíðir voru mjög góð. Við Vinir Seljavallalaugar viljum þakka Sláturfélagi Suðurlands allan þennan stuðning.

Fyrir hönd Vina Seljavallalaugar, Páll Andrésson

**20-40% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM**



**SKANNAÐU
KÓÐANN**

**-25%
AF ÖLLUM
JÓLAVÖRUM**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/óða myndabrengl.

BLÁ HELGI I BYKO

1.-5. nóvember

**3 FYRIR 2
AF ALLRI INNI-
MÁLNINGU***



* Þú færð 3 dósir en greiðir aðeins fyrir 2 dýrari dósinar

**-20%
AF ÖLLUM
BLÁUM BOSCH
VERKFÆRUM**



**-25%
AF ÖLLUM
RAFMAGNS-
VERKFÆRUM***



* Gildir ekki af bláum Bosch

**-25%
AF ÖLLUM
HÁPRÝSTI-
DÆLUM**



**-25%
AF ÖLLUM
KÓSYVÖRUM**




**-25%
AF ÖLLUM
HAND-
VERKFÆRUM**



**-30%
AF ÖLLU
HARÐPARKETI**



**-30%
AF ÖLLUM
FLÍSUM**



**-20%
AF ÖLLUM
SNICKERS
VINNUFÖTUM**



**-25%
AF INNI- OG
UTILJÓSUM**



**-20%
AF ÖLLUM
PERUM**



* Gildir ekki af Hue/Wiz snjallperum

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

HALLÓ HALLÓ FÉLAGAR.

Árshátíð FEB Selfossi 2023 verður haldin fimmtudaginn 9. nóvember nk. í aðalsal Hótel Selfoss uppi. Húsið verður opnað kl. 18:15 en skemmtunin hefst kl. 19:00.

Boðið verður uppá skemmtiatriði:

Hörpukórinn sem Stefán stjórnar, Gísli Einasson úr Landanum mætir, happdrætti og auðvitað leyniatriði

Matseðil að hætti hússins:

Steikarhlaðborð og eftirréttur.

Jón Bjarnason mun sjá um veislustjórn og tónlist til kl. 24:00

Sala aðgöngumiða verður í Grænumörk 5. fimmtudaginn 2. nóv. kl. 13 - kl. 14:00 miðaverð er 8.000 krónur.

Nú mætum við öll og fyllum Hóтелиð.

Skemmtinefndin.



Baráttufundur ungra bænda

Bekkurinn var þéttsetinn á baráttufundi Samtaka ungra bænda í Salnum í Kópavogi sl. fimmtudag. Um 300 manns mættu til fundarins og fjöldi þeirra sem fylgdist með á streymi og beinni útsendingu frá fundinum skipti þúsundum.

Fundarmenn samþykktu einróma og með kröftugu lófataki eftirfarandi ályktun og áskorun til stjórnvalda um að opna augun og leggja við hlustir þegar rekstrarumhverfi landbúnaðar er annars vegar, hvort heldur sem er ómöguleiki líðandi stundar í skuldsettum búrekstri eða öll þau nýju tækifæri sem blasa við á heimsmarkaði vegna afdráttarlausra gæða íslenskrar matvælaframleiðslu.

Ályktun fundarins er svohljóðandi:

Engum sem vill sjá getur dulist að rekstrarumhverfi landbúnaðar á Íslandi er komið að fótum fram. Ungir bændur standa frammi fyrir fjárhagslegum ómöguleika og ungt fólk sem vill hefja hefðbundinn búskap á enga möguleika. Alls enga. Mikil ógn steðjar því að nauðsynlegri nýliðun í stétt bænda. Um leið er fæðuöryggi þjóðarinnar sett í uppnám. Við höfum nýlega séð skýr merki þess að þegar harðnar á dalnum er hver þjóð sjálfri sér næst hvað nauðþurftir varðar. Þess vegna þurfum við að slá skjaldborg um íslenskan landbúnað. Ekki eingöngu af öryggisástæðum heldur líka vegna menningarhlutverks búvöruframleiðslunnar sem samofið er þjóðinni frá því land var numið.

Á sama tíma og núverandi rekstrarskilyrði eru í raun ókleifur hamar fyrir ungt fólk stendur íslenskur landbúnaður frammi fyrir stórkostlegum nýj-

um tækifærum á heimsmarkaði. Þau felast í aukinni umhverfisvitund jarðarbúa í öllum heimshornum, nýjum kröfum um heilnæmi matvæla, vistvæna orkugjafa í framleiðslunni og heilbrigða búskaparhætti. Í þessum efnum erum við í allra fremstu röð. Þegar grannt er skoðað blasir það líka við að fjölmörg tækifæri felast í framsækinni nýsköpun í krafti þekkingar og nýrrar tækni. Til þess að nýta þessi sóknarfæri þurfa stjórnvöld að ryðja brautina og opna ungu fólki ný og spennandi tækifæri jafnt til búskapar sem rannsóknar-, vísinda- og þróunarstarfa á sviði landbúnaðarins.

Það eru beinlínis falsfréttir að landbúnaður í nágrennlöndum okkar beggja vegna Atlantsála þrífist án opinbers stuðnings. Og það getur í besta falli kallast upplýsingaóreiða þegar búið er að læða því inn hjá íslenskri þjóð með mætti endurtekningarinnar að stuðningur hérlandis við landbúnað sé meiri en annars staðar. Staðreyndin er einfaldlega sú að hvar sem er í heiminum er ræktun og framleiðsla land-

búnaðarafurða svo kostnaðarsöm að stjórnvöld á hverjum stað kjósa að styðja starfsemi. Bæði til þess að varðveita atvinnugreinina og halda verði til neytenda hóflegu. Ísland er þar engin undantekning. En það er bull að stuðningur hérlandis við landbúnaðinn sé úr takti við það sem tíðkast í vestrænum heimi.

Baráttufundur Samtaka ungra bænda skorar á stjórnvöld að opna augun og leggja við hlustir. Þau verða að þekkja og skilja raunveruleika búreksturs í landinu. Í fyrsta lagi vandann. Í öðru lagi tækifærin. Í þriðja lagi alþjóðlega samkeppnisstöðu íslenska landbúnaðarins. Þar reynir á þekkingu á raunverulegum ríkisstyrkjum til matvælaframleiðslu um allan heim – bæði þá sem eru uppi á borðum og líka hina sem klæddir eru í alls kyns feluliti. Það er glapræði að leggja íslenskan landbúnað af. Þess vegna þarf að bregðast við án tafar. Seinna er of seint.

Fréttatilkynning frá Samtökum ungra bænda



ÚTBOÐ

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir tilboðum í:
„Vesturbýggð 1. áfangi“



Verkið felur í sér gerð á nýjum götum í Vesturbýggð við Borg í Grímsnesi. Leggja á hluta af stofngötu (Miðtún) og tvo botnlanga út frá stofngötu (Borgartún og Lækjartún) auk göngustíga samsíða götum. Einnig skal leggja fráveitu og vatnsveitu að fyrirhugaðri hreinsistöð og leggja frá-, vatns- og hitaveitu meðfram Skólabraut að tengipunktum við núverandi kerfi. Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag, burðarlag, malbika götur og gangstéttar ásamt því að steypa kantstein. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósastaura, leggja ljósastaurastrang, setja upp umferðamerki og mála vegmerkingar og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annarra veitulagna.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	9.000 m ³
Styrktarlag/fylling	13.000 m ³
Malbik	5.388 m ²
Fráveitulagnir	1.315 m
Vatnsveitulagnir	800 m
Hitaveitulagnir	806 m
Ljósastaurar	25 stk.

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2024.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 1. nóvember 2023. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu á Suðurlandi með tölvupósti í netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Eflu, Austurvegi 1-5, 800 Selfossi, fyrir kl. 11.00 fimmtudaginn 16. nóvember 2023 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Ragnar Guðmundsson
Umjónarmaður verkkaupa

Starf í tæknideild SS á Selfossi

Sláturfélag Suðurlands leitar að starfsmanni í viðhalds- og tæknideild félagsins á Selfossi. Við leitum að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi til að bætast í öflugan hóp SS fólks á góðum vinnustað.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almennt viðhald á búnaði og húsnæði starfsstöðvarinnar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af viðhaldsvinnu
- Skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni, góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund



Áhugasamir sækja um starfið á Alfred.is 13. nóvember nk. Frekari upplýsingar um starfið gefur Benedikt Benediktsson í síma 866-5270 og í netfangi benedikt@ss.is.

Sláturfélag Suðurlands er 116 ára, öflugt og framsækið matvælafyrirtæki í eigu búvöruframleiðanda á Suður- og Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík og þar er auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvalselli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Á Selfossi rekur félagið sláturhús ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð. **Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, www.ss.is**

Villibráðarkvöld

LAUGARDAGINN 11. NÓVEMBER 2023



Farmers Bistro býður upp á glæsilegt villibráðarhlaðborð. Matreiðslumaðurinn Jenný Guðbjörg Hannesdóttir verður gesta kokkur hjá okkur ásamt föruneysi Farmers Bistro.

Fordrykkur hefst kl 19:00
Borðhald hefst kl 20:00

Örn Árnason leikari,
kemur og heldur uppi stuðinu
eins og honum einum er lagið.



VERÐ
11.900 kr

Matseðill

SMÁRÉTTIR

- Grafinn urriði
- Grafin önd
- Grafin gæs
- Hreindýrapaté
- Hreindýrabollur
- Laxatartar
- Reyktur lundi
- Reykt gæs
- Dádýra carpaccio

AÐALRÉTTIR

- Úrbeinað Lambalæri
- Létt steiktur Andabringur
- Andalæri confit

*Ásamt meðlæti & öðru góðgæti
Kaffi & konfekt á eftir

BÓKANIR

✉ booking@farmersbistro.is

☎ 8577850





Félagsvist

Spilað verður á mánudagskvöldum
kl. 19.30 og hefst 6.nóvember.
Þátttökugjald kr. 1.000.

Framsóknarfélag Árnessýslu.
Eyravegi 15, 2. hæð. Selfossi



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Deildatónleikaröð Tónlistarskóla Árnesinga 2023

Blásaradeildartónleikar
föstud. 3. nóv. kl. 17:00
í sal Stekkjaskóla Selfossi

Blokkflautudeildartónleikar
mánud. 6. nóv. kl. 18:00
í sal Stekkjaskóla Selfossi

Gítardeildartónleikar
miðvikud. 8. nóv. kl. 18:00
í sal Stekkjaskóla Selfossi

Strengjadeildartónleikar
fimmtud. 9. nóv. kl. 17:30
í sal Stekkjaskóla Selfossi

Rytmískir deildartónleikar
föstud. 10. nóv. kl. 17:00
í sal skólans Eyravegi 9, Selfossi

Píanódeildartónleikar
fimmtud. 16. nóv. kl. 17:30
í félagsheimilinu Aratungu

Söngdeildartónleikar
fimmtud. 7. des. kl. 17:30
í Hveragerðiskirkju

Á tónleikunum koma fram allar hljómsveitir, samspils- og sönghópar skólans auk minni samspilsatriða og einleiks. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis – verið öll hjartanlega velkomin!



Í lok bleika október

Það eru fá orð sem ná að lýsa þakklæti okkar sem stöndum að Krabbameinsfélagi Árnessýslu eftir einn magnaðast október mánuð sem við höfum upplifað. Hvað eftir annað höfum við fundið einstakan samhug, samstöðu og styrk allstaðar frá í samfélaginu.

Markmið með bleikum október er að efla samfélagið í heild til vitundar um krabbamein hjá konum og er það gert til dæmis með viðburðum sem gefa tækifæri til samveru og samstöðu. Krabbameinsfélag Árnessýslu stóð fyrir Bleika boðinu sem áður hefur verið fjallað um og öllum sem að því komu færðar bestu þakkir. Einnig stóð félagið fyrir bleiku kaffiboði þar sem félagsmönnum og öðrum gestum var boðið uppá bleikar veitingar, ilmandi kaffi og góða samveru. Í október fengum við

Helga Hafstein krabbameinslækni í heimsókn til okkar á Eyraveginum þar sem fræðandi og skemmtilegt spjall átti sér stað innan karlahópsins. Félagið tók þátt í bleikum messum bæði í Selfosskirkju, Hveragerðiskirkju og Hrunamannakirkju.

Fjölmörg fyrirtæki í Árborg voru með góðgerðardaga og styrktu félagið fjárhagslega, knattspyrnufélög veittu styrki, vinkonur stóðu fyrir markaði, fjölskyldur og listafólk styrktu félagið, Fjölbrautarskóli Suðurlands var með góðgerðarviku og afhenti félaginu fjármagn sem safnaðist. Góð þátttaka og samstaða myndaðist á bleika deginum þann 20. október og var bleiki liturinn allsráðandi víðsvegar í samfélaginu. VISS vinnu- og hæfingarstöð var í góðri samvinnu við félagið og saumaði bleikar fánaveifum

sem Selfossbær var skreyttur með auk þess sem VISS styrkti félagið með ágóða af sölu úr versluninni sinni.

Fjármagni sem félaginu er veitt er varið til starfseminnar og uppbyggingar, til nýrra tækifæra í þjónustu við félagsmenn auk eflingar á þeirri starfsemi sem nú þegar er til staðar.

Okkur þykir einstaklega vænt um hið góða samstarf sem skapast hefur við samfélagið sem býr í Árnessýslu og leggjum okkur áfram fram við að efla starfsemi okkar með það að markmiði að veita stuðning og fræðslu til þeirra sem greinast með krabbamein og fjölskyldna þeirra.

Fyrir hönd
Krabbameinsfélag Árnessýslu,
Svanhildur Ólafsdóttir,
formaður



VERKEFNASTJÓRI NÆRSAMFÉLAGS OG NÁTTÚRU

Er þér umhugað um umhverfið?

Við hjá Landsvirkjun viljum vera góður og grænn granni. Við auglýsum eftir verkefnastjóra nærsamfélags og náttúru, með áherslu á rannsóknir og vöktun lífríkis auk umsjón með umhverfisstarfi aflstöðva á Suðurlandi. Áhersla er á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, í starfsumhverfi sem er fjölbreytt og lifandi.

Helstu verkefni:

- Umsjón með rannsóknum og vöktun lífríkis
- Umsjón með umhverfisstarfi á aflstöðvum á Suðurlandi, sem m.a. tengist mótvægisáðgerðum og grænum rekstri
- Samskipti við hagsmunaaðila í nærsamfélagi aflstöðva
- Stuðningur við umhverfismál einstakra framkvæmda- og viðhaldsverkefna

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í líffræði eða umhverfisfræðum
- Reynsla af verkefnisstjórnun rannsókna- og eða vöktunarverkefna
- Framúrskarandi samskiptaeiginleikar og reynsla af samskiptum við hagaðila er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Starfsstöð verður í Reykjavík, Sogi og Búrfelli.

Umsóknarfrestur er til og með 13. nóvember

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf



Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig

Á **tm.is** og í **TM appinu** getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Selfoss-mótið haldið í fyrsta skipti

KÖRFUBOLTI Það var sannarlega skemmtilegt andrúmsloftið í íþróttahúsi Vallaskóla um helgina. Á parketið voru körfuboltasníllingar framtíðarinnar mættir til leiks á Selfossmótið í körfubolta ætlað iðkendum 5-9 ára. Þetta var í fyrsta sinn sem mót af þessu tagi er haldið á Selfossi en alls mættu um 230 körfuboltakrakkar frá 8 félögum og tilþrifu og leikgleðin létu svo sannarlega ekki á sér standa.

Að móti loknu fengu allir iðkendur brúsa frá Errea (reyndar mættu svo margir að sumir fá brúsana afhenta síðar á æfingartíma), pinnais frá Kjörís og fallegt viðurkenningarskjal.

Að svona skemmtilegu móti loknu ber að þakka öllum þessum frábæru krökkum fyrir



komuna og einnig foreldrum og aðstandendum fyrir flotta framkomu í stúkunn. Öllum sjálfbodaliðum ber einnig að þakka, dómurum, sjoppuvaktinni og ekki síst fulltrúum barna- og ungmennaráðs okkar félags sem

stóðu í ströngu bæði fyrir helgi og um helgina. Takk allir!

Vonandi fóru allir kátir heim af mótinu - við sjáumst svo sem flest aftur að ári auk þess sem við vonumst til að sjá fleiri ný andlit!

Selfoss karfa



Íris Ragnarsdóttir, Heiða Arnardóttir, Sóley Jónsdóttir, Þórunna Guðgeirsdóttir, Þórdís Steinþórsdóttir JRB og Sara Nugig Ingólfssdóttir

Prenn gullverðlaun til JS kvenna

JUDO Konurnar lögðu grunninn að glæsilegum árangri Judofélags Suðurlands, en Judofélag Suðurlands var að taka þátt í sínu fyrsta íþróttamóti innanlands.

Þær unnu 3 gullverðlaun á haustmóti Judosambands Íslands í Grindavík 14. október.

Judofélag Suðurlands er ungt íþróttafélag stofnað í mars 2023, Judofélag Suðurlands æfir í húsnæði Crossfit á Selfossi, Stokkseyri/Eyrarbakka og Hvolsvelli.

Verðlaun féllu þannig:

1. Íris Ragnarsdóttir -70 kg konur
1. Sara Nugig Ingólfssdóttir -63 kg konur
1. Sara Nugig Ingólfssdóttir -70 kg flokki U21
2. Sóley Jónsdóttir -63 kg konur
3. Þórunna Guðgeirsdóttir -63 kg konur
2. Heiða Arnardóttir +78 kg konur
- Þórdís Steinþórsdóttir -70 kg konur JRB

Glæsilegur árangur hjá Söru og Írisi og alveg öruggt að þær munu fylgja þessum árangri eftir í framtíðinni.

Karlarnir stóðum sig einn-

ig með sóma og unnu til fjölda verðlauna.

2. Arnar Helgi Arnarsson -81 kg U18
3. Arnar Helgi Arnarsson -81 kg U21
2. Böðvar Arnarsson -81 kg U21
2. Böðvar Arnarsson -81 kg karlar
2. Vignir Jóhannsson -90 kg U21
3. Vignir Jóhannsson -90 kg karlar
2. Daniel Árnason -73 kg U21 JRB
2. Daniel Árnason -73 kg karlar JRB

Það er skemmtilegt frá að segja að stúlkur/konur eru fleiri en drengir/karlar hjá Judofélagi Suðurlands og er það einstakt og hefur það aldrei gerst áður á Íslandi að konur séu fleiri en karlar í judofélagi.

Judofélag Suðurlands á sinn fulltrúa í landsliði Judosambands Íslands og er Hrafn Arnarsson nú á leiðinni á Evrópumeistaramótið í Montpellier Frakklandi og mun keppa 4. nóvember. Hrafn hefur æft og keppt erlendis undanfarið við undirbúning fyrir mótið.

Judofélag Suðurlands

Opið er fyrir umsóknir í Suðurlandsdeildina

HESTAÍÞRÓTTIR Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Suðurlandsdeildina. Umsóknarfrestur fyrir ný lið er til 12. nóvember nk.

Umsókninni þurfa að fylgja staðfest nöfn 2-3 atvinnumanna og 3 áhugamanna. Dregið verður úr umsóknum. Þau lið sem féllu úr deildinni 2023 geta sótt um aftur og fara í pottinn ásamt nýjum liðum sem sækja um.

Liðin verða áfram skipuð 2-3 atvinnumönnum og 3 áhugamönnum. Í parafrimi keppir eitt par skipað 1 atvinnumanni og 1 áhugamanni. Í skeiði og slak-



Mynd úr safni.

taumatölti keppir 1 atvinnumaður og 1 áhugamaður en í öðrum greinum keppa 2 atvinnumenn

og 2 áhugamenn. Áhugamaður má keppa sem atvinnumaður en atvinnumaður má ekki keppa

sem áhugamaður. Áfram verður Suðurlandsdeildin einungis liðakeppni en þrjú stigahæstu liðin verða verðlaunuð.

Atvinnumaður: Allir ásamt ungmennum.

Áhugamaður: Er að lágmarki 18 ára á árinu og má ekki hafa keppt í meistaraflokk síðustu 2 ár.

Keppniskvöldin verða fjögur: 5. mars verður Parafrimi og slaktaumatölt, 19. mars Fjörgangur, 9. apríl Fimmgangur og 23. apríl Tölt og skeið.

Stjórn Suðurlandsdeildarinnar hefur loka ákvörðunarvald

um hvort knappar uppfylli innangsskilyrði.

Þátttökugjald 2024 er 165.000 kr.

Innifalið í gjaldinu eru tveir æfingatímar í Rangárhöllinni fyrir hvert keppniskvöld.

Allar spurningar sem og umsóknir vegna Suðurlandsdeildar skulu sendar á rangarhollin@gmail.com.

Hvetjum hestamenn að safna saman í lið og sækja um í Suðurlandsdeildina sem er að hefja sitt áttunda tímabil.

Sjáumst í Rangárhöllinni í vetur!

Þing UMFÍ á Geysi

UMFÍ Sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið á Hótel Geysi í Haukadal dagana 20.-21. október sl. Þingið var vel sótt en um 180 þingfulltrúar og gestir voru mættir við þingsetningu á föstudagskvöldinu.

Þinghaldið gekk vel undir styrkri stjórn þingforsetana Þóris Haraldssonar og Olgu Bjarnadóttur.

Stærsta málið á þinginu var tillaga sem felur í sér stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og stjórnvöld. Af lottógreiðslum til UMFÍ áttu 15% að fara til reksturs svæðaskrifstofanna og 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri. Skv. tillögunni á að koma á fót átta svæðastöðvum með sextán stöðugildum sem munu þjónusta íþróttahéruð landsins með samræmdum hætti. Tillagan var einróma samþykkt og er næst á dagskrá að ná samningum við ríkið um að það leggi fram sambærilegan fjárstuðning til svæðisskrifstofunnar og UMFÍ og ÍSí muni leggja til svo hægt verði að tryggja reksturinn, en tillaga um sama málefni var samþykkt á þingi ÍSí fyrir á þessu ári.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, var gestur við setningu sambandsþingsins og flutti þar ávarp. Hann sagði að búið væri að tryggja einn starfsmann á hvert starfssvæði, sem tillagan kveður á um, og fjármagn til að viðkomandi geti sinnt vinnu sinni.

Tveir HSK félagar, báðir frá Umf. Selfoss, voru heiðraðir á þinginu. Guðmundur Kr. Jónsson, heiðursformaður HSK, var gerður að heiðursfélaga UMFÍ en heiðursfélagakross sem hann fékk af þessu tilefni er æðsta heiðursmerki samtakanna. Þá var Gissuri Jónssyni veitt Gullmerki UMFÍ. Hann hefur átt sæti í varastjórn UMFÍ undanfarin ár, en gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Aðalstjórn UMFÍ var öll endurkjörin á þinginu. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, var einn í kjöri í embætti formanns og var því sjálfkjörinn. Í aðalstjórn voru kosin þau Guðmundur G. Sigurbergsson, Ungmennasambandi Kjalarnesþings, Gunnar Þ. Gestsson, Ungmennasambandi Skagafjarðar, Gunnar Gunnarsson, Ungmennasambandi Austurlands, Málfríður Sigurhansdóttir, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Ragnheiður Högnadóttir, Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu og Sigurður Óskar Jónsson, Ungmennasambandinu Úlfjótí. Þau Ásgeir Sveinsson, Héraðssambandinu Hrafnaflóka, Guðmunda Ólafsdóttir, Íþróttabandalagi Akraness og Hallbera Eiríksdóttir, Ungmennasambandi Borgarfjarðar voru kosin í varastjórn.

HSK átti rétt á að senda 11

fulltrúa á þingið og sendi að sjálfsögðu fullmannað lið. Þingfulltrúar sambandsins voru þau Guðríður Aadnegard, Anný Ingimarsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Gestur Einarsson, Gissur Jónsson, Guðjóna Björk Sigurðardóttir, Guðmundur Jónasson, Guðmundur Sigmarsson, Guðrún Tryggvadóttir, Helgi S. Haraldsson, Lárus Ingi Friðfinnsson, Bjarnason og Sigríður Anna Guðjónsdóttir.



Myndin er tekin á Sambandsþingi UMFÍ. F.v. Lára Ólafsdóttir, eiginkona Guðmundar, Guðmundur Kr. Jónsson og Gissur Jónsson.



VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- Reynslumikil á sínu sviði
- Gæða þjónusta
- Áreiðanleiki
- Græn þjónusta



Úmbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Stimlar

Lynghóls 1, 110 Rvk ☎ 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri ☎ 4 600 700
prentmetoddi.is



SVANSVOTTUÐ
PRENTSMÍÐJ



JAFNAUNAVOTTUN

YAP kynningardagur fyrir leikskólastarfsfólk á Suðurlandi

Boðið verður upp á YAP (Young athlete project) kynningu fyrir stjórnendur og starfsfólk leikskóla á Suðurlandi í leikskólanum Jötunheimum á Selfossi á milli klukkan 10-12 þriðjudaginn 7. nóvember nk. Markmið er að vekja áhuga á og fá sem flest til að vinna með YAP verkefnið í leikskólum Suðurlands. Árangur er athyglisverður og vonast er til þess að sem flestir stjórnendur leikskóla á Suðurlandi sjái sér fært að mæta.

Á kynningunni mun Sigurlín J. Baldursdóttir, íþróttakennari í Jötunheimum, kynna starf sitt. Tveggja ára börn munu spreyta sig í æfingum, Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi kynnir innleiðingu YAP og Ásta Katrín Helgadóttir íþróttakennari og Þóra Sigrún Hjaltadóttir leikskólastjóri í heilsuleikskólanum Skógarási á Ásbrú fara yfir YAP hreyfipjálfun. Þá verða umræður og fyrirspurnir teknar fyrir, auk þess að næstu skref á Suðurlandi verða rædd.

Stuðlar að markvissri hreyfipjálfun

Young athlete project eða YAP er alþjóðlegt verkefni á vegum Special Olympics samtakanna. Markmið er að stuðla að markvissri hreyfipjálfun barna á aldrinum 2 til 7 ára. YAP er í grunninn hreyfipjálfun en nýtist einnig sem verkfæri sem tengir saman hreyfipjálfun, málþroska og félagsfærni. Æfingar sem unnið er með taka fyrir ákveðna þætti sem fylgt er eftir og markviss nálgun nær fram markverðum árangri.

Mörg önnur námstækifæri sem skipulögð hreyfing hefur í för með sér fyrir börn er að þau læra ekki bara grunnþætti hreyfiproska heldur þróa einnig með sér mikilvæga færni til náms. Þar er m.a. verið að tala um að skiptast á, læra að deila, fara eftir fyrirmælum og skilja leiðbeiningar sem þeim eru gefnar. Í skipulögðum hreyfistundum er hægt að blanda inn í hreyfiæfingarnar, stærðfræði, orðaforða og málörvun, flokkun, ofl. Hinsvegar er það ekki nóg

að vera einungis í frjálsum leik í hreyfisal, þar sem frjáls leikur eflir ekki markvissu grunnþætti hreyfiproska barna (Logan, Lucas, Robinson og Wilson, 2011). Fagmenn þurfa að kunna að leiðbeina, hvetja og stýra hreyfingu barnanna, því að þannig náum við tilætluðum árangri. Enn fremur hefur verið sýnt fram á að snemmtæk iðlutun við hreyfivanda eykur hreyfifærni barna með slakan hreyfiproska (Sigmundsson og Petersen 2000).

Skráning á kynninguna fer fram á jotunheimar@arborg.is



Tímamót í sögu Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands

Tímamót urðu í sumar þegar Fræðslunetið ákvað að fela Háskólafélaginu rekstur sjóðsins og er hann nú því alfarið í umsjón félagsins.

Fyrsta úthlutun Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands var árið 2002 en síðan þá hefur sjóðurinn styrkt sunnlensk nemendaverkefni á hverju ári. Sjóðurinn var upphaflega stofnaður af Fræðsluneti Suðurlands en árið 2010 kom Háskólafélag Suðurlands inn sem samstarfsaðili.

Ýmis tækifæri felast í þessari tilfærslu og því var ákveðið rýna ferlið og koma með tillögur að uppfærslum. Sú fyrsta fól í sér að útbúa umsóknarform inni á heimasíðu HfSu í því ljósi að samhæfa innsendar umsóknir og einfalda ferlið. Önnur uppfærsla fól í sér að útbúa lógó fyrir sjóðinn og gera upplýsingar um hann aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Þriðja uppfærslan og líklega sú stærsta fól í sér að endurhugsa umsóknartímabilið með það fyrir augum að auðvelda nemendum að sækja um, en frá og með næsta umsóknarfresti verður opið fyrir umsóknir til 5. janúar 2024 og styrkþegum tilkynnt um úthlutun í lok janúar. Eftir sem áður verður styrkþegum boðið til hátíðarfundar Vísinda- og rannsóknarsjóðs þar sem þeir veita styrknum viðtöku úr hendi forseta Íslands.

Auk áðurnefndra breytinga hafa nokkrir nýir styrktaraðilar komið inn í hópinn en slíkt skiptir svona sjóð gríðarlegu

máli og kann Háskólafélagið þeim miklar þakkir. Yfirlit styrktaraðila má nálgast hér en aðrir sem kunna að hafa áhuga á að styrkja sjóðinn og þannig sunnlensk nemendaverkefni eru hvattir til að hafa samband við framkvæmdastjóra Háskólafélagsins í netfangið ingunn@hfsu.is

42 verkefni á 20 árum

Frá upphafi sjóðsins hafa 42 verkefni fengið styrk frá sjóðnum. Verkefnin eru af öllum toga og geta verið allt frá BA/BS verkefnum til doktorsverkefna en hægt er að kynna sér eldri verkefni á heimasíðu Háskólafélags Suðurlands / www.hfsu.is

Búið er að opna fyrir umsóknir til úthlutunar í janúar 2024

Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir í sjóðinn en áhugasamir nemendur geta kynnt sér betur forsendur umsókna í sjóðsreglunum. Umsóknarformið er jafnframt aðgengilegt á heimasíðu félagsins hér.

Háskólafélag Suðurlands hvetur alla nemendur sem eru að vinna að lokaverkefnum sem hafa gildi fyrir sunnlenskt samfélag, að kynna sér sjóðinn og meta hvort þeirra verkefni eigi þar erindi. Ef einhverjar spurningar vakna hvetjum við nemendur til þess að hafa samband í netfangið hfsu@hfsu.is

Háskólafélag Suðurlands



Dagbókin Jóra

Fyrir 32 árum hóf Kvenfélag Selfoss útgáfu Dagbókarinnar Jóru og hefur hún verið aðalfjáröflunarverkefni félagsins síðan. Hópur kvenna vinnur að útgáfunni ár hvert og liggur mikil vinna að baki hverrar bókar. Fjöldmörg fyrirtæki og stofnanir leggja lið með auglýsingum og/eða upplýsingalínum og eru þeim færðar góðar þakkir.

Kvenfélag Selfoss styrkir ýmiss konar málefni í nærumhverfi sínu. Meðal annars má nefna Heilbrigðisstofnun Suðurlands, leikskólana, Vinaminni, Sigurhæðir og Sjóðinn góða. Á

síðasta ári var ákveðið að láta stærstan hluta hagnaðar af sölu Dagbókarinnar til forvarnarverkefna og hafa hin ýmsu málafni er varða börn og ungmenni notið styrkja.

Kvenfélagskonur munu verða með dagbókina til sölu í Krónunni á Selfossi í nóvember og fram í desember eftir hádegi á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum.

Einnig er hægt að nálgast bækur hjá stjórn og fjárflounarnefnd félagsins.

Netfang joraselfoss@gmail.com.



Skemmtilegt fyrir börnin




Útgáfufjör

í dag fimmtudag kl. 17:00 í verslun okkar á Selfossi

Allir velkomnir!



4.239 kr. VERÐ ÁÐUR 5.299 kr.



4.799 kr. VERÐ ÁÐUR 5.999 kr.



Púsl í miklu úrvali



Playmobil í úrvali



Litir og föndur fyrir alla

penninn.is
540-2316

selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6

PENNINN

Eymundsson

Minningarathöfn um Jón Júlíus Magnússon

11. nóvember nk. verða liðin 11.50 ár frá því að Jón Júlíus Magnússon, Nonni Júlíu, lést af slysförum þegar hann féll í hver á hverasvæðinu í Hveragerði. Jón varð ekki nema 17 ára. Hann eignaðist dóttur, Jónu Júlíu Jónsdóttur, sem einnig lést 11. nóvember, árið 2019, 45 ára og dó frá 4 börnum.

Æskuvinir Nonna standa fyrir minningarathöfn í Hveragerðis-kirkju laugardaginn 11. nóvember kl. 14.

Þrátt fyrir stutta ævi þá setti Jón svip á það litla og fámenna samfélag sem Hveragerði var, með ýmsum hætti.



Allir Hvergerðingar sem muna eftir Nonna eru velkomnir.

Best að vera utanbæjartútta

Halldóra Baldvinsdóttir, hársnyrtir og förðunarfræðingur sem býr í Hveragerði ásamt unnusta sínum og börnum, keypti á dögunum reksturinn á hársnyrtistofunni Stúdíó S á Selfossi og breytti um leið nafni stofunnar í Ópus Studio.

Halldóra er fædd og uppalin í Reykjavík en hefur búið í Hveragerði síðustu 5 ár. „Mér finnst það æðislegt. Ég hélt að ég myndi aldrei fíla það raunverulega að vera „utanbæjartútta“ en í dag myndi ég hvergi annarsstaðar vilja vera en hér eða í nærsveitum,“ segir Halldóra í samtali við Dagskrána.

„Ég byrjaði í hárgreiðslunámi 18 ára gömul en kláraði námið ekki á þeim tíma. Eftir barneignir ákvað ég svo að stökkva af stað og drífa mig loks í að klára það sem ég byrjaði á og útskrifaðist sumarið 2021 úr Háarakadéminni. Við maðurinn minn keyptum stofuna í Hveragerði fyrir einu og hálfu ári síðan af tengdamömmu minni sem hafði rekið hárgreiðslustofuna Ópus í þrjá áratugi. Þá tók ég við rekstrinum í júní í fyrra og opnaði í raun glænýja stofu undir nafninu Ópus Studio. Ég vildi breyta nafninu örlítið því nú var stofan ekki einungis hárgreiðslustofa heldur líka förðunarstúdíó. Við kaupum svo reksturinn á Selfossi núna í október og breyttum heilmiklu strax til að byrja með,

þ.e. nýtt nafn og útlit stofunnar en við eigum svo eftir að taka enn meira í gegn og stefnum á að gera það fljótlega eftir jól,“ bætir Halldóra við.

Solla Pálma enn á sínum stað

Halldóra segir engar breytingar standa til á Ópus Studio á Selfossi aðrar en útlitslegar. „Allar skvísurnar sem hafa verið verða enn á sínum stað og Solla Pálma líka. Kaupin voru kannski svolítið óvænt en eru skemtileg viðbót við það sem við vorum með og við erum virkilega ánægð með ákvörðunina. Solla er líka mjög fegin að minnka álagið á sig og geta verið áhyggjulaus yfir öllu því sem viðkemur rekstrinum og er hún nú í stóla-leigu eins og allar hinar, en á Selfossi eru 7 skvísur að klippa og ég þá sú áttunda svona af og til, tveir naglafræðingar og einn snyrtifræðingur og í Hveragerði erum við tvær að klippa eins og er en þar er ég með 4 stóla og sárvantar mannskap vegna mikillar eftirspurnar.“

Aðspurð um nafnið Ópus segir Halldóra að tengdamóðir hennar og systir hafi ákveðið það þegar þær voru að hefja sinn rekstur. „Þær höfðu séð gamlan hárgreiðslustól sem stóð OPUS aftan á. Þær komust svo að því að Opus þýddi verk og ákváðu að íslenska nafnið og úr varð hársnyrtistofan Ópus.“

HGL



Halldóra Baldvinsdóttir

Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

Félags-og faggreinafundur

verður haldinn á Austurvegi 56 á Selfossi fimmtudaginn 9. nóvember kl:18.00

- Dagskrá fundarins:**
- 1) Kjaramál - kjarakönnun FIT
 - 2) Lífeyrismál
 - 3) Önnur mál

Súpa í boði félagsins. Stjórnin



GISSUR PÁLL

FRÍÐRIK ÓMAR

EYDÖR INGI

JÓGVAN HANSEN

Heima um jólin

Á SELFOSSI

ÍÐA-ÍÞRÓTTAÐÚS
2. DESEMBER KL.20:30

FRÍÐRIK ÓMAR ÁSAMT FRÁBÆRUM GESTUM OG HLJÓMSVEIT RIGG VIÐBURDA
SÉRSTAKIR GESTIR: FRÍÐA HANSEN OG BARNA- OG UNGLINGAKOR SELFOSSKIRKJU

midix.is

MIDASALA HEFST 1. NÓVEMBER KL. 10:00 Á MIDIX.IS

RIGG VIÐBURDA

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
2. nóvember kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn
2. nóvember kl. 14:45.
Sr. Ása Björk Ólafsdóttir, prestur
á Selfossi, segir frá prest-
störfum á Írlandi og víðar.
Kaffi og kökur kr. 1.500.
Kaffi kr. 200.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ólfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
4. nóvember milli kl. 11-12
að Eyurvegi 15. Gestur
dagsins verður Gunnar
Þorgeirsson formaður
bændasamtakanna mun
hann fara yfir málefni
bænda. Allir velkomnir.

Tón-Klúbbur Tónskóla

Mýrdalshrepps slær í gegn

Síðasta miðvikudag var boðið
Supp á Tón-Klúbb í annað
sinn í haust, sem er nýjung hjá
Tónskólanum. Bæði kvöldin
hafa verið vel sótt og mælt vel
fyrir hjá heimaþólki.

Megin markmið Tón-Klúbbs-
ins er að kynna tónlistarfólk
frá Vík í Mýrdal og nágrenni
fyrir tónlistarnemendum Tón-
skólans og öðru áhugafólki og
einnig vekja athygli ungs fólks
á tónlistarlífi í sveitarfélag-
inu. Í hverjum mánuði koma
einn eða fleiri tónlistarmenn og
taka nokkur lög á sín hljóðfæri
og segja frá þeirra reynslu að
vera tónlistarmaður og hvernig
tónlistaráhuginn kviknaði hjá



Anna Björnsdóttir, tónmenntakennari og kórstjóri.

þeim. Yngri kynslóðinni gefst
tækifæri að spyrja forvitnilegra
spurninga og hlusta á tónlistar-
fólkið deila sögum sínum og

tónlist. Frábært tækifæri fyrir
forvitna tónlistarkrakka, ungt
fólk og alla sem hafa áhuga á
tónlist.

Hugmynd og stjórnandi er
Alexandra Chernyshova, skóla-
stjóri tónskólans.

Gestur klúbbsins í þetta sinn
var tónmenntakennari, kór-
stjóri og tónlistar orkubolti í
Vík hún Anna Björnsdóttir sem
á að baki langan og farsælan
feril sem kórstjóri á Suðurlandi.
Hún hefur stofnað og stjórnað
ólíkum kórum áratugum saman:
barna- og skólakór, kvennakór,
samkór, var einn af stofnendum
kammerkórs Suðurlands o.fl. Í
dag er Anna kórstjóri Syngjandi,
kór eldri borgara í Vík sem
er mjög virkur kór í félagslífi
heimaþólks. Það er margt Önnu
Björnsdóttir að þakka að áhugi
á söng og kórsöng eru lifandi í
Vík. Anna gerði svo margt til að
efla tónlistarmenningu í Vík og
nágrenni og deila hæfileikum
sínum að það er ekki hægt að
koma öllum verkefnum hennar
fyrir í klukkustundar tón-klúbb-
Tónskólans. Hún sagði frá ferl-
inum, syndi myndbönd frá fyrri
árum og tók svo áhorfendur í
smá upphitun kór master klass
í lokin, enda hún er kórstjóri að
snilldargerð.

Áhorfendur Tón-Klúbbsins
voru frá aldrinum fimm ára
til áttatíu og níu og allir nutu
stundarinnar til að kynnast og
rifja upp tónlistar minningar og
kór viðburði á liðnum áratugum
sem Anna stýrði og tók þátt með
kórum. Sömuleiðis hlustendur
þökkuðu Alexöndru fyrir snilld-
ar hugmynd með Tón-Klúbbinn
og biða spennir til næsta við-
burðar sem verður í nóvember.



Alexandra og Anna.

KIRKJA

Ólafsvallakirkja

Allra heilagra messa sunnudag-
inn 5. nóvember kl. 11. Kirkju-
kórar Stóra-Núps og Ólafs-
vallsókna og Hruna- og Hrepp-
hólasókna syngja saman við
messuna undir stjórn organist-
anna Þorbjargar Jóhannsdóttur
og Eyrúnar Jónasdóttur. Altarís-
ganga og ljós tendruð í minningu
látinna ástvina. Súpa, brauð og
kaffi í Brautarholti á eftir. Verið öll
hjartanlega velkomnir!

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar sunnudaginn 5.
nóvember kl. 11:00 í Hvíta-
sunnukirkjunni Selfossi, Austur-
vegi 40B. English translation
available. Allir innilega velkomn-
ir. www.selfossgospel.is

Hveragerðiskirkja

Guðsþjónusta kl. 11. Allra heil-
agra messa og ljós tendruð í
minningu látinna ástvina.
Kirkjukórinn syngur undir stjórn
Miklós Dalmay, sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar.

Árborgarprestakalli

Guðsþjónustur og helgihald á
allraheilagramessu, 5. nóvem-
ber:

Sunnudagaskóli í Selfoss-
kirkju kl. 11 í umsjá Sjafnar
Þórðardóttur og leiðtoga.

Guðsþjónusta kl. 14 í Stokks-
eyrarkirkju. Látinna minnst.
Prestur Gunnar Jóhannesson.

Kvöldmessa í Selfosskirkju
kl. 20. Látinna minnst og nöfn
þeirra sem jarðsögnir hafa verið
á Selfossi á umliðnu ári lesin
upp. Prestur Gunnar Jóhannes-
son.

Þriðjudagssamvera í Selfoss-
kirkju 7. nóvember kl. 14. Gestur
er Kristín Breiðfjörð.

Verið hjartanlega velkomnir.



Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

ÞJÓNUSTA

**STEYPUSÖGUN - KJARNA-
BORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM**

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.

Kjarnaborun fyrir lögnum.

Ramma inn myndir,

spegla og fleira.

Annast einnig sólpallasmíði.

ÁSGEIR EGGERTSSON

Sléttuvegi 6, Selfossi

Sími 893 9068

STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun

Yoga nidra

Námskeið
Byrjar núna
Hringið í mig

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Farsími
693 2197

Cand.mag. í fjórtíu ára
nálastungu, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Með **Dáleiðslu** má vinna að
útbótum ýmskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með
augnlestur en með honum
má sjá ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.

**- Er einnig með Nudd og
svæðanudd -**

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar
getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl**
og **myndabækur**.





Reynir Pétur kominn heim

Miðvikudaginn 25. október sl., á 75 ára afmælisdegi Reynis Péturs Steinunnarsonar, íbúa á Sólheimum, var þjóðþekkt stytta af honum afhent Sólheimum til eignar.

Guðni Th. Jóhannesson forseti afhenti styttuna að viðstöddu fullu listhúsi á Grænu könnunni, kaffihúsinu á Sólheimum þar sem stytta er staðsett og öllum velkomið að koma og taka mynd af sér með henni.

Fjöl margar ræður voru haldnar, Sigurjón Örn Þórsson stjórnarformaður Sólheima bauð gesti velkomna og Guðni Th. tók svo við og hélt kraftmikla tölu og hrósaði Reyni Pétri fyrir að vera góð fyrirmynd og hans atbeina fyrir fatlað fólk og samfélagið allt. Þá var hlaðið í fjórfalt húrra og stytta afhjúpuð.

Freyr Friðriksson, eigandi KAPP ehf tók svo til máls og afhenti styttuna formlega en hún var áður í eigu KAPP. Kór Sólheima söng afmælissönginn og nokkur lög til viðbótar við góðar undirtektir.

Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra tók svo til máls og nefndi m.a. að enginn getur allt en allir geta eitthvað og Sólheimar séu gott dæmi um það. Hún hrósaði Reyni Pétri fyrir þá góðu og jákvæðu strauma sem hann sendi þjóðinni í Íslandsgöngunni 1985 og hafi gert allar götur síðan með jákvæðinni og einglægni sinni.

Omar Ragnarsson fór svo

yfir sögu Íslandsgöngunnar sem hann fjallaði svo vel um á sínum tíma á RÚV og gerði þar með Reyni Pétur landsfrægan. Þar nefndi hann m.a. að Lionsklúbburinn Ægir, sem hefur verið styrktaraðili Sólheima nánast frá upphafi hafi, ásamt öðrum, stuðlað að því að Reynir Pétur fór í gönguna.



Halldór Júlíusson, sem var framkvæmdastjóri Sólheima þegar Íslandsgangan var, sagði einnig frá aðdraganda göngunnar og þeim miklu breytingum sem urðu hjá heimilisfólki og viðhorfi til fatlaðs fólks eftir gönguna. Reynir Pétur var mikill göngumaður fyrir og gekk Sólheimahringin, 24 km, nánast á hverjum degi en til öryggis fór hann í ítarlega lækni skoðun gangandi, sem hann stóðst með glans. Þess má geta að hluti af tilgangi göngunnar var að safna fyrir íþróttaleikhúsi á Sólheimum og það tókst.

Reynir Pétur sjálfur tók síðan til máls og hélt flotta ræðu þar sem hann kom m.a. fram að

tilgangur ferðarinnar hafi verið að opna umræðu um viðhorf til fatlaðs fólks, að fá sálarfrið og sjá landið sitt, að vera fyrstur til að ganga þjóðveg 1 og síðan að safna fyrir íþróttaleikhúsi. Hjá Reyni stóð uppúr á Íslandsgöngunni allt fólkið sem labbaði með honum í nánast hverjum einasta bæ sem hann labbaði í gegnum. Í lokin tók svo Reynir Pétur lagið á munnhörpunni eins og honum er einum lagið. Að ræðuhöldum loknum var boðið til veislu að hætti Reynis Péturs en hann hefur sérstakt dálæti á upp-rúlluðum pönnukökum, kleinum og hangikjöts flatkökum.

Stytta af Reyni Pétri

Íslandsgangan 1985 hafði mikil áhrif á þjóðina og landsmenn muna enn vel eftir henni. Ríkey Ingimundardóttir listamaður hreifst með og gerði styttuna af Reyni þar sem hann situr á hraunsillu og glottir út í heiminn. Stytta er órúlega lík Reyni og var mál manna á athöfninni að hún væri eineggja tvíburi Reynis Péturs. Þess má geta að Ríkey gerði aðra fræga stytta, Leirfinn. Stytta var svo til sýnis á Sólheimum í einhvern tíma en var síðan seld.

Mikið fjölmiðlafar varð síðan 30 árum eftir gönguna, þegar Reynir Pétur auglýsti eftir sjálfum sér og allir stærstu fjölmiðlar landsins fjölluðu um málið í nokkra daga undir fyrirsögninni Reynir Pétur er týndur. Það var síðan nokkrum dögum síðar að umfjöllunin náði á Grænlandsmið þar sem Jónas Hallur Finnbogason togarsjómáður var að veiðum. Hann hafði keypt Reyni Pétur mörgum árum áður og var stytta í öruggum höndum hjá honum.

Fyrir rúmu ári síðan eignast KAPP ehf styttuna í þeim tilgangi að afhenda hana Sólheimum til varanlegrar eignar og helst að hún yrði á áberandi stað í Listhúsi Grænu Könnunnar þar sem gestir geti séð hana og tekið mynd af sér með henni.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsöpun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is